

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

30. apríl 2014

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Starfsfólk Grunnskólans á Hofsósi þakkar öllum þeim sem mættu á dag umhverfis í skólanum síðastliðinn föstudag, margt var gert og meðal annars var leikur þar sem var giskað á magn rusls sem nemendur höfðu tínt, Agla Rut Egilsdóttir og Fjólmundur Traustason hittu á réttu töluna, 70 kg. Björn Þór Haraldsson fékk viðurkenningu frá umhverfisnefnd grunnskólans fyrir gott framtak í þágu umhverfis Hofsóss. Hann hefur hirt upp gífurlegt magn af rusli í gönguferðum sínum undanfarin ár.

Starfið framundan:

Kaffihús á Ketilás

Nemendur 9. bekkjar ætla að halda sitt margrómaða kaffihús á Ketilási þann 1. maí frá kl. 12-15. Boðið verður upp á ungverska gúlassúpu, nýbakað bakkelsi og almenna gleði. Myndasýning af mannlífi í Fljótum í boði heimamanna. Barnahorn með spilum og skemmtilegheitum.

Reiðhjólahljálmar frá Kiwanis

1. maí fá nemendur 1. bekkjar reiðhjóla hjálma að gjöf frá Kiwanis, kl.11 við leiktækjasvæðið hjá Árskóla á Sauðárkróki. Lögreglan mætir á svæðið og fer yfir umferðarreglur, Kiwanisfélagar verða svo með pylsugrill ásamt drykkjarföngum að lokinni afhendingu.

Stærðfræðikeppni 9. bekkjar

Nemendur 9. bekkjar tóku þátt í stærðfræðikeppni fjölbrautaskólans og komst Heimir Sindri Þorláksson áfram í úrslit. Úrslitin fara fram í Fjölbrautaskólanum á Sauðárkróki föstudaginn 2. maí kl. 14.

Þriðjudagurinn 6. maí

Vegna námskeiðs hjá starfsfólki skólans hættir skólinn um hádegi þennan dag. Nemendur snæða hádegismat og verður venjulegur skólaakstur að honum loknum.

Prófavika 13. - 16. maí

Próf verða í skólanum 13. - 16. maí. Nemendur fá prófatöflu í næstu viku.

Út að austan leikarnir

Út að austan leikarnir verða ekki haldnir á skólaárinu 2013-14. Ákveðið var að fara í skíðaferð í staðinn, var sú ferð farin í mars, en því miður gleymdist að geta þess í fréttabréfi þá.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi